

Í pistlunum Úr penna stjórnarmanna Lí birta þeir eigin skoðanir en ekki félagsins.

## Tilkynningaskylda lækna

Tilkynningaskylda lækna hefur verið til umræðu tengt heimilisofbeldi. Læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn sem sinna börnum þekkja vel skyldu sína samkvæmt barnaverndarlögum. Okkur ber að tilkynna til barnaverndaryfirvalda eða lögreglu ef svo ber undir, grun um vanrækslu eða ofbeldi í garð barna eða barnshafandi einstaklinga. Við tilkynnum slys á börnum og hættulegar aðstæður sjálfkrafa en þurfum stundum að hugsa okkur um þegar kemur að öðrum kringumstæðum. Það getur átt við um hugsanlega vanrækslu og höfum við þá í huga að aðstæður fólks eru mismunandi og oft afar krefjandi. Tilkynning til barnaverndaryfirvalda þjónar einnig í mörgum tilfellum þeim tilgangi að fá frekari aðstoð fyrir barnið og fjölskylduna frekar en að fjarlægja barn úr umsjá foreldra eða forráðamanna.

Ástæður þess að grunsemdir eru tilkynntar af sjaldan kunna að vera þær að við teljum okkur þurfa betri sönnun þess að barn verði fyrir vanrækslu eða ofbeldi en sérhver einstaklingur sem tilkynnir verður að muna að við erum hvorki rannsakendur né dómamar í slíkum málum. Venjan er þó sú að við greinum foreldrum og forráðamönnum frá tilkynningu til barnaverndaryfirvalda nema við teljum að það setji barnið í erfiða aðstöðu. En tilkynnum við grunsemdir okkar innan eðlilegs tímaramma, of oft eða kannski of sjaldan? Við getum líklega fundið okkur í þeirri stöðu að vera mögulega meðvirk ákveðnum kringumstæðum einkum þegar grunur er um vanrækslu eins og lélega meðferðarhaldni af hálfu umönnunaraðila.

Afar erfitt getur verið að eiga við læknisfræðilega misnotkun barns þar sem foreldri eða forráðamaður leitar í sífelli heilbrigðisþjónustu fyrir barnið vegna margvíslegra áhyggjuefna sem leiðir oft til ónaðsynlegra inngripa. Hið

sama á við þegar fullorðinn einstaklingur leitar endurtekið til lækna vegna ólíkra einkenna og óskar eftir rannsókn-um og meðferð. Það getur verið erfitt að vinna úr slíkum málum en barnalæknar ættu hið minnsta að ræða hreinskilnilega við foreldra og forráðamenn barna um áhyggjur sínar ásamt því að tilkynna grunsemdir sínar til barnaverndaryfirvalda eftir aðstæðum.

Hefur barnaverndartilkynningin afleiðingar fyrir okkur? Fæstir hugsa sjálfsgagt um það á þeim tímamarki sem tilkynning er gerð en við þekkjum þó dæmi þess að tilkynning til barnaverndaryfirvalda leiði til þess að kvartað sé yfir störfum okkar og framferði. Það hefur áhrif á meðferðarsambandið við fjölskylduna ef barnið er til langtímaeftirfylgdar. Þetta má þó aldrei koma í veg fyrir að við tilkynnum grunsemdir okkar.

Staðan er hins vegar mun flóknari hvað varðar fullorðna einstaklinga í viðkvæmri stöðu. Við eigum ekki svipaða stofnun og barnavernd sveitarfélaga sem sinnir málefnum fullorðinna. Í nýlegri fjölmiðlaumræðu sagði sviðsstjóri ákærusviðs lögreglu sérstaklega mikilvægt að læknar tilkynntu til lögreglu þegar alvarlegur grunur og rökstuddur væri um heimilisofbeldi. Heilbrigðisstarfsmenn vilja gera slíkt í samráði við þann sem fyrir ofbeldinu hefur orðið og með samþykki einstaklingsins. Þá er þagnarskylda ekki rofin en í alvarlegri tilfellum þegar ljóst er að líf sjúklings eða annarra getur verið í hættu þá réttlætir það rof á þagnarskyldu. Tilkynningaskylda samkvæmt barnaverndarlögum gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta. En málið horfir sannarlega öðruvísi við þegar lýtur að fullorðnum einstaklingum. Læknar geta átt á hættu að rjúfa meðferðarsam-



### Jóhanna Guðrún Pálmadóttir

sérfræðilæknir á Barnaspítala Hringins  
meðstjórnandi í stjórn Félags sjúkráhlustækna

band með tilkynningu um ofbeldi til lögreglu en einnig að setja skjólstæðing sinn í erfiða stöðu sem gæti útsett hann fyrir frekara og alvarlegra ofbeldi. Fórnarlömb heimilisofbeldis gætu forðast að leita hjálpar heilbrigðisstarfsfólks ef heimsóknin kann að leiða til tilkynninga til lögreglu.

Það er brýnt að veita læknum og öðrum heilbrigðisstarfsmönnum stuðning í flóknum aðstæðum inni á ólíkum heilbrigðisstofnunum. Fyrsta skrefið væri að efla þess háttar stoðþjónustu innan stofnana. Reyndir félagsráðgjafar sem starfa í teymisvinnu eru mjög hjálplegir en lögfræðileg ráðgjöf í flóknari málum gæti reynst nauðsynleg. Það er mikilvægt að skapa meiri umræðu um sýnilegri þjónustu af því tagi inni á stofnunum þó vissulega sé möguleiki á þeirri þjónustu nú þegar. Það væri mikilvægt skref í átt til þess að efla gæði þjónustunnar sem við veitum og yrði bæði heilbrigðisstarfsmönnum og þeim einstaklingum sem við sinnum til góðs.

### Heimildir

1. Barnaverndarlög nr. 80/2002
2. Lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012
3. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2025-12-18-mikilvaegt-ad-laeknar-tilkynni-alvarlegt-ofbeldi-til-logreglu-461931> – mars 2026
4. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2025-12-17-laeknar-vildu-tilkynna-ofbeldid-en-thad-ma-ekki-an-leyfis-skjolstaedinga-461851> – mars 2026



Stjórn Læknafélags Íslands Steinunn Þórðardóttir formaður Félag almennra lækna Teitur Ari Theodórsson, Thelma Kristinsdóttir  
Félag íslenskra heimilislækna Gunnar Þór Geirsson, Oddur Steinarsson Félag sjúkráhlustækna Hildur Jónsdóttir, Jóhanna Guðrún Pálmadóttir  
Læknafélag Reykjavíkur Ragnar Freyr Ingvarsson, Katrín Ragna Kemp